

## Fundargerð 171. fundar Heilbrigðisnefndar Austurlands

171. / 2. fundur Heilbrigðisnefndar Austurlands  
19. janúar 2023 kl 9:00

### Heilbrigðisnefndarmenn:

Stefán Þór Eysteinnsson  
Helgi Hlynur Ásgrímsson  
Kristín Ágústsdóttir  
Benedikt Jóhannsson

Jónína Brynjólfsdóttir  
Sandra Konráðsdóttir  
Anna Ragnarsdóttir Pedersen

### Starfsmenn:

Lára Guðmundsdóttir  
Kjartan Róbertsson

Ólöf Vilbergsdóttir

### Dagskrá:

1	Bókuð útgefin starfsleyfi.....	970
2	Bókuð útgefin tóbakssöluleyfi.....	971
3	Skráningarskyldur atvinnurekstur .....	971
4	MS Egilsstöðum.....	971
5	Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði .....	971
6	Vinna milli funda .....	972
7	Önnur mál.....	973

## 1 Bókuð útgefin starfsleyfi

### 690 Vopnafjörður

- a) Íslenskir aðalverktakar hf., kt. 660169-2379. Starfsleyfi fyrir starfsmannabúðir í Ytri Hlíð. Leyfi útgefið 13.1.2023.

### 700-701 Múlaþing - Fljótsdalshérað

- b) Múlaþing, kt. 660220-1350. Starfsleyfi fyrir efnistöku, náma E14 Eyvindarárdal. Starfsleyfi útgefið 21.12.2022.
- c) Sólrún Júlía Hjartardóttir Kjerúlf, kt. 300579-4859. Starfsleyfi fyrir áramótabrennu á Hrafnkelsstöðum. Starfsleyfi útgefið 22.12.2022.
- d) Kvenfélag Hróarstungu, kt. 451199-2859. Starfsleyfi fyrir félagsheimilið Tungubúð og vatnsveitu. Starfsleyfi útgefið 9.1.2023.

### 710 Múlaþing – Seyðisfjörður

- e) Múlaþing, kt. 660220-1350. Starfsleyfi fyrir áramótabrennu við Langatanga. Starfsleyfi útgefið 29.12.2022.

### 720 Múlaþing – Borgarfjörður eystri

- f) Múlaþing, kt. 660220-1350 Starfsleyfi fyrir söfnunarstöð fyrir úrgang í áhaldahúsinu á Heiði. Starfsleyfi útgefið 17.01.2023.

### 730 Fjarðabyggð – Reyðarfjörður

- g) Alcoa Fjarðaál sf., kt. 520303-4210. Starfsleyfi fyrir vöruskemmu að Leiruvogi 8. Starfsleyfi útgefið 19.12.2022.

- h) **Alcoa Fjarðaál sf.**, kt. 520303-4210. Starfsleyfi fyrir **geymsluskemma við Seljateigsland**. Starfsleyfi útgefið 1.1.2023 með gildistíma í eitt ár.

**740 Fjarðabyggð – Neskaupstaður**

- i) **Fjarðabyggð**, kt. 470699-2099. Starfsleyfi fyrir **íþróttahús að Mýrargötu 10**. Starfsleyfi útgefið 13.1.2023.

**780-785 Höfn**

- j) **Eimskip Island ehf.**, 421104-3520. Endurnýjun á starfsleyfi fyrir **vöruflutningamiðstöð að Álaugarvegi 8**. Starfsleyfi gefið út 10.1.2023.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir útgáfu allra ofangreindra starfsleyfa.*

## 2 Bókuð útgefin tóbakssöluleyfi

**700-701 Múlaþing - Fljótsdalshérað**

- a) **N1 ehf.**, kt. 411003-3370. **Tóbakssöluleyfi að Kaupvangi 4**. Leyfi útgefið 5.1.2023.

**730 Fjarðabyggð – Reyðarfjörður**

- b) **Djárninn ehf.**, kt. 530716-1120. **Tóbakssöluleyfi í sjoppunni minni að Búðareyri 28**. Leyfi útgefið 22.12.2022.

**780-785 Höfn**

- c) **N1 ehf.**, kt. 411003-3370. **Tóbakssöluleyfi að Vesturbraut 1**. Leyfi útgefið 5.1.2023.  
d) **Samkaup hf.**, kt. 571298-3769. **Tóbakssöluleyfi í Nettó að Litlubrú 1**. Leyfi útgefið 9.1.2023.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir útgáfu allra ofangreindra tóbakssöluleyfa.*

## 3 Skráningarskyldur atvinnurekstur

**735 Fjarðabyggð – Eskifjörður**

- a) **Hekla Björk Jensdóttir**, kt. 020298-2359. **Flugeldasýning við Valhöll á Eskifirði 4.2.2023**. Skráning staðfest 17.1.2023.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022.*

## 4 MS Egilsstöðum

Á 166. fundi Heilbrigðisnefndar Austurlands var óskað eftir upplýsingum frá MS á Egilsstöðum um hvenær lokahluta framkvæmda við hreinsun á fráveituvatni yrði lokið. Settur var upp búnaður til að hreinsa prótein og fitu árið 2019 en uppsetningu á búnaði til að hreinsa mjólkursykur úr fráveituvatni hefur tafist. Tetra Pak framleiðandi tækisins hefur gefið út að búnaðurinn verði tilbúinn til afhendingar 20. mars í Danmörku og ætti því að vera tilbúinn til uppsetningar um miðjan apríl í starfsstöð MS á Egilsstöðum.

*Heilbrigðisnefnd felur heilbrigðisfulltrúum að fylgja eftir uppsetningu á tækinu og taka sýni af fráveituvatni þegar uppsetningu er lokið. Niðurstöður sýnatöku verði kynntar fyrir heilbrigðisnefnd þegar þær liggja fyrir.*

## 5 Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði

Framkvæmdar voru hávaðamælingar í nágrenni frystihúss Loðnuvinnslnnar á Fáskrúðsfirði að beiðni Fjarðabyggðar og HAUST. Mælingarnar voru framkvæmdar af verkfræðistofunni Mannvit í ágúst og september 2022 og skýrslu skilað í lok desember. Niðurstöður mælinga benda til þess að hljóðstig frá vinnslu sé yfir skilgreindum mörkum að næturlagi við húsvegg frá atvinnustarfsemi. Það á við bæði þegar full vinnsla er í gangi og þegar einungis viðhaldsvél er í gangi. Hljóðstig mælist hins vegar innan skilgreindra marka á daginn og kvöldin.

Lagt var fram minnisblað frá verkfræðistofunni Eflu dags 16.1.2023 fyrir hönd Loðnuvinnslunnar þar sem sjónarmiðum þeirra var komið á framfæri varðandi hljóðmælingar.

*Þó að aðgerðir Loðnuvinnslunnar til að draga úr hávaða frá starfsemi sinni hafi nú þegar skilað árangri er hávaði að mælast yfir viðmiðunarmörk að næturlagi. Ekki hefur verið hægt að sýna fram á með óbyggjandi hætti að hávaði sem mælist stafi ekki frá starfsemi Loðnuvinnslunnar. Heilbrigðisnefnd hvetur því fyrirtækið til að ná sátt í málinu og óskar eftir tímasettri áætlun um aðgerðir til að draga úr hávaða frá starfseminni. Tímasettri áætlun um úrbætur skal skila fyrir 2. febrúar n.k.*

## 6 Vinna milli funda

### Umsagnir um skipulagsmál

6.1 Um matsáætlun fyrir allt að 500 MW vindorkugarð í landi Klaustursels, 701 Egilsstöðum.

### Aðrar umsagnir

- 6.2 Um tækifærisleyfi til áfengisveitinga í íþróttahúsinu á Reyðarfirði vegna þorablóts 20. janúar 2023.
- 6.3 Um tækifærisleyfi til áfengisveitinga vegna góuhófs í Hofgarði þann 4. mars 2023, 780 Höfn.
- 6.4 Um tækifærisleyfi tímabundið áfengisleyfi vegna þorablóts í íþróttahúsinu við Heppuskóla, 780 Höfn. Tímasetning viðburðar, 21. janúar 2023.
- 6.5 Um tækifærisleyfi til áfengisveitinga á Aski Taproom, Fagradalsbraut 25, 700 Egilsstöðum. Tímasetning viðburðar, 1. janúar 2023.
- 6.6 Um tímabundið áfengisleyfi á Bistro Skaftfell, Austurvegi 42, 710 Seyðisfirði. Tímasetning viðburðar, 31. desember 2022 til 1. janúar 2023.
- 6.7 Um brennuleyfi vegna áramótabrennu á Reyðarfirði.
- 6.8 Um brennuleyfi vegna áramótabrennu á Eskifirði.
- 6.9 Um brennuleyfi vegna áramótabrennu í Neskaupstað.
- 6.10 Um brennuleyfi vegna áramótabrennu á Fáskrúðsfirði.
- 6.11 Um brennuleyfi vegna áramótabrennu á Stöðvarfirði.
- 6.12 Um brennuleyfi vegna áramótabrennu á Breiðdalsvík.
- 6.13 Um tækifærisleyfi til áfengisveitinga vegna þorablóts Nesja og Lónamanna í Mánagarði, 781 Höfn. Tímasetning viðburðar 28.1.2023.
- 6.14 Um tækifærisleyfi til áfengisveitinga vegna þorablóts Fellamanna í íþróttahúsinu í Fellabæ, 700 Egilsstaðir. 27.1.2023.
- 6.15 Um tækifærisleyfi til áfengisveitinga vegna þorablóts Egilsstaða í íþróttahúsinu á Egilsstöðum, 700 Egilsstaðir. Tímasetning viðburðar 20.1.2023.
- 6.16 Um tækifærisleyfi til áfengisveitinga vegna þorablóts Seyðisfjarðar í íþróttahúsinu á Seyðisfirði, 710 Seyðisfirði. Tímasetning viðburðar 21.1.2023.
- 6.17 Umsögn um aðaluppdrætti – frístundahús að Ásgötu 18, 701 Egilsstaðir.
- 6.18 Um tækifærisleyfi til áfengisveitinga vegna þorablóts eldri Hornfirðinga í Sindrabæ, 780 Höfn. Tímasetning viðburðar 27.1.2023.
- 6.19 Um tækifærisleyfi vegna hjónaballs í Félagsheimilinu Skrúði, 750 Fáskrúðsfirði. Tímasetning viðburðar 28.1.2023.
- 6.20 Um tækifærisleyfi til áfengisveitinga vegna þorablóts í íþróttahúsinu Neskaupstað. Tímasetning viðburðar 28.1.2023.
- 6.21 Um tækifærisleyfi til áfengisveitinga vegna þorablóts á Hrollaugstöðum, 781 Höfn. Tímasetning viðburðar 4.2.2023.
- 6.22 Um tækifærisleyfi til áfengisveitinga vegna þorablóts í Hjaltalundi, 701 Egilsstaðir. Tímasetning viðburðar 11.2.2023.

## 7 Önnur mál

### 7.1 Fundadagskrá fyrir árið 2023

Eftirfarandi fundardagskrá fyrir fundi Heilbrigðisnefndar Austurlands fyrir árið 2023 var lögð fram:

23. mars	7. september
15. júní (snertifundur)	12. október (snertifundur)
	7. desember

Fundardagskrá var samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 10:03

Fundargerð ritaði Lára Guðmundsdóttir

Fundargerð staðfest með rafrænni undirritun nefndarmanna